

Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands b/s 64. stjórnarfundur,  
13 .09. 2007 kl.16.00 í Hermes á Reyðarfirði, 4. fundur á starfsárinu.

**Mætt eru:**

Páll Baldursson, Svanhvít Aradóttir, Elfa Rúnarsdóttir, Práinn Lárusson,  
Einar B. Kristbergsson og Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður.

**1. Starfsmannamál.**

Sigurbjörn greindi frá stöðu starfsmannamála. Búið er að auglýsa stöðu sálfræðings, sem hefur enn sem komið er ekki borið árangur, áfram verður þó unnið í málinu.

**2. Undirbúningur aðalfundar**

Sigurbjörn lagði fram ársreikning 2006 og gerði grein fyrir helstu niðurstöðu. Tap ársins er kr. 2,4 milljónir kr. en áætlun gerði ráð fyrir 4,8 millj.kr. tapi. Eigið fé í árslok 4,8 millj.kr. Að því loknu áritaði stjórnin ársreikninginn. Sigurbjörn lagði fram drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2008. Drögin gera ráð fyrir tapi upp á kr. 4,6 milljónir sem er með svipuðum hætti og áætlun fyrir 2007. Samþykkt að aðalfundur Skólaskrifstofunnar verði haldinn í Safnaðarheimilinu á Reyðarfirði mánudaginn 15. október kl. 15:00.

**3. Önnur mál.**

Sigurbjörn greindi frá ráðstefnu á Akureyri sem hann sat “Geðheilbrigðisþjónusta barna í dreifbýli”.

Skólaskrifstofan stendur að námskeiði á Egilsstöðum 20. - 21.9. “Skólaganga barna með athyglisbrest og ofvirkni”, ásamt ADHD samtökunum o.fl..

Sigurbjörn greindi frá því að um 250 kennarar hefðu mætt á námskeið Skólaskrifstofunnar í sumar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið 17:15

Páll Baldursson (sign)

Svanhvít Aradóttir (sign)

Elfa Rúnarsdóttir (sign)

Práinn Lárusson (sign)

Einar B. Kristbergsson (sign)

Sigurbjörn Marinósson (sign)